

# Friðlýsing: Lundey

## Samráðáætlun

Samstarfshópur skipaður fulltrúum Reykjavíkurborgar, landeiganda, Umhverfisstofnunar og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vinnur nú að undirbúningi friðlýsingar Lundeyjar í Kollafirði. Samráð er afar mikilvægur hluti af undirbúningi friðlýsingar og mikilvægt að það hefjist á fyrstu stigum máls. Markmið samráðs er að veita þeim sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu og þeim sem áhuga hafa á svæðinu að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þannig er leitast við að skapa sátt um fyrirhugaða friðlýsingu.

Í maí 2020 verður samráðsaðilum sent erindi þar sem upplýst er um áfrom um að friðlýsa Lundey. Hnitsettur uppdráttur með mörkum svæðis verður auglýstur til athugasemda. Óskað verður eftir athugasemdum og ábendingum sem gagnast gætu við undirbúningsvinnuna. Í júlí 2020 verður tillaga að auglýsingu um friðland í Lundey auglýst í þrjá mánuði.

Hagsmunaaðilar, sem og almenningur, hefur kost á að senda inn ábendingar og athugasemdir við tillöguna. Samráðsaðilum sem tilgreindir eru í samráðsáætlun verður sent bréf þar sem fram kemur að tillagan sé auglýst til kynningar. Frestur til að skila inn athugasemdum verður þrjú mánuðir. Til viðbótar við það ferli sem lýst er hér að ofan verður haft samráð við sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni er til.

Samráðsaðilar:

- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Suðurlands
- Náttúrustofa Suðvesturlands
- Samtök náttúrustofa
- Faxaflóahafnir
- Orkustofnun
- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Fuglavernd
- Siglingafélag Reykjavíkur -Brokey
- Reykjavík Sailors
- Arctic Whales / Arctic Sea Tours
- Reykjavík Sightseeing
- Special Tours
- Happy Tours
- Arctic Adventures
- Whale Safari
- Mr. Puffin
- Elding
- Reykjavík Sea Adventures
- Landvernd
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Náttúruverndarsamtök Suðurveurlands
- Kayakklúbburinn
- Landsamband smábátæigenda
- Guðni Einarsson, leigutaki eignar